

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald á mánuði fyrir hverja byrjaða 5 mín.lítra.	525,00
b) Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarks stillingu hemils.	1 050,00
c. Vatnsgjald um rennismæli fyrir hvern rúmmetra vatns.	56,00

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennislutaföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiðast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)

Heimæðargjald

Allt að 300 m³ 62 694,00 kr.300— 2 000 m³ 62 694,00 kr. fyrir 300 m³ og 57,50 kr/m³ þar yfir2 000— 6 000 m³ 160 630,00 kr. fyrir 2 000 m³ og 45,80 kr/m³ þar yfir6 000—10 000 m³ 343 629,00 kr. fyrir 6 000 m³ og 37,30 kr/m³ þar yfirMeira en 10 000 m³ 492 738,00 kr. fyrir 10 000 m³ og 32,20 kr/m³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er kr. 6 778,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 107,9. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútolútra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 1 050,00

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 439, 1. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 6. janúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu nr. 404/1987, um sérstaka tollmeðferð
vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og
samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EEB).**

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr. og falla undir tollskrárnúmer í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1987, um breyting á þeim lögum, þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

2. gr.

3. og 4. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar falli brott.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. geta allar vörur sem fullnægja skilyrðum um uppruna samkvæmt bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 16. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E, sbr. einnig 2. mgr. 2. gr., notið þeirrar tollmeðferðar sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í viðauka I við tollalög.

4. gr.

Í stað „1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl.“ í 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. komi: tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 15. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum.

5. gr.

Í stað „Tollyfirvöld geta heimilað“ í 1. másl., 1. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri getur heimilað.

Í stað „Tollyfirvöld geta enn fremur heimilað“ í 1. másl. 2. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri getur enn fremur heimilað.

Í stað „Fjármálaráðuneytið“ í 6. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri.